

Til atvinnuveganefndar Alþingis
Frá Bændasamtökum Íslands.

24. apríl 2020

Vegna umfjöllunar nefndarinnar um frv. um Matvælasjóð (þingskjal 1257 - 728 mál) þá vilja samtökin taka eftirfarandi fram:

Samtökin telja jákvætt að verja eigi 500 milljónum króna til stofnunar nýs Matvælasjóðs og leggjast ekki gegn fyrirleggjandi frumvarpi um stofnun sjóðsins.

Samtökin leggja þó þunga áherslu á eftirtalið:

- Að landbúnaðinum verði tryggður sambærilegur hlutur í ráðstöfunarfé Matvælasjóðs í samræmi við hlut Framleiðnisjóðs í samanlögðum fjárhag hans og AVS sjóðsins. Sú hlutdeild verði skilgreind í rammamningi landbúnaðarins.
- Að fjármagn í sjóðinn verði aukið til framtíðar lítið en takmarkist ekki við stofnframlagið á árinu 2020
- Að nýrri stjórn Matvælasjóðs verði falið að líta til þeirra verkefna sem Framleiðnisjóður hefur stutt og enn tengjast ekki endilega matvælaframleiðslu beint, þar með talið menntun og endurmenntun.
- Að hinn nýi sjóður starfi áfram á landsbyggðinni eins og Framleiðnisjóður og AVS gera.

Til viðbótar er rétt að undirstrika að beina þeim eindregnu tilmælum til ráðherra að skipa stjórn nýja sjóðsins mjög fljótt eftir afgreiðslu frumvarpsins og skapa henni aðstæður til vinna hratt við að móta reglur um fyrstu úthlutun nú á þessu ári. Þá sé jafnframt ótvírætt að ef öllu fjárframlag til sjóðsins á árinu 2020 verður ekki ráðstafað fyrir árslok, þá verði eftirstöðvar áfram til ráðstöfunar á árinu 2021.

Með kveðju

Sigurður Eypórsson

Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.